Nr. 16.
14. septbr.

# Lög

## um kosningar til alþingis.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. grein.

Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5 gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskyldir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;
b. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;
c. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;
d. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefir veitt heimild til þessa;
e. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

2. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefir þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Nr. 16. Lög 14. septbr. um kosningar til alþingis.

17. dag septbrm.

# Lov

om

## Valgene til Althinget.

Nr. 16.
14de Septbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### Valgret og Valgbarhed.

§ 1.

Valgret til Althinget have, med de nærmere nedenfor (§§ 1—5) angivne Indskrænkninger,

a) alle de Bønder, der ere Jordbrugere og svare kommunal og anden offentlig Ydelse, dog at de, som ifølge en særlig Bestemmelse maatte være fritagne for en eller anden Ydelse til det Offentlige, ikke derfor tabe deres Valgret;

b) Kjøbstadborgere, naar de til Kommunen erlægge et Bidrag af i det Mindste 8 Kroner aarlig;

c) Tomthusmænd, naar de til Kommunen erlægge et Bidrag af i det Mindste 12 Kroner aarlig;

d) Embedsmænd, hvad enten de have kongelig Bestalling eller ere udnævnte af den Myndighed, hvem Kongen har overdraget saadan Ret;

e) de, der uden at være Embedsmænd have underkastet sig enten en akademisk Prøve eller Afgangsexamen ved Pastoralseminariet i Reykjavik eller anden lignende offentlig Prøve, som er eller maatte blive anordnet, saafremt de ikke staa i personligt Tjenesteforhold.

Derhos skal Vedkommende for at kunne udøve Valgret paa den Tid, Valget foregaar, have opnaaet 25 Aars Alderen.

§ 2.

Ingen kan udøve Valgret, medmindre han har et uplettet Rygte. Som uberygtet kan Ingen anses, der ved Dom er funden skyldig i en i den offentlige Mening vanærende Handling, medmindre han har faaet Æresopreisning efter Forordning af 12de Marts 1870.

§ 3.

Ingen kan udøve Valgret, som er under Værgemaal, eller hvis Bo er under Fallitbehandling.

§ 4.

Ingen kan udøve Valgret, som nyder Understøttelse af det almindelige Fattigvæsen, eller som har modtaget nogen saadan Hjælp, medmindre den enten er tilbagebetalt eller eftergiven.

Nr. 16.
14. septbr.

5. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefir fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis, eða í þjónustu þess;
2. hefir að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og
3. er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

## Kjörskrár.

7. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. grein.

Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir stafaröð.

9. grein.

Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2. 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða sem fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá ekki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. grein.

Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í marzmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. grein.

Frá 1. til 21. apríl, að báðum þessum dögum með töldum, skulu kjörskránar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja

§ 5.

Valgret kan kun udøves af den, som paa den Tid, Valget foregaar, har havt fast Ophold i Valgkredsen i 1 Aar. Den, som har fast Bopæl paa flere Steder, bestemmer selv, paa hvilket af disse han vil gjøre sin Valgret gjældende.

§ 6

Valgbar til Althinget er Enhver, som efter de foranstaaende Paragrafer har Valgret, for saa vidt

1) han ikke staar i noget undersaatligt eller Tjenesteforhold til en fremmed Stat,
2) han i det Mindste i de sidst forløbne 5 Aar har havt Ophold i de til den danske Stat henhørende europæiske Lande, og
3) paa den Tid Valget foregaar, har opnaaet en Alder af 30 Aar.

Dog kan den vælges, som har sit Hjem udenfor Valgkredsen eller i denne har opholdt sig en kortere Tid end 1 Aar.

## Valglister.

§ 7.

Over de i hver Rep eller Kjøbstad bosatte Valgberettigede skal der føres Valglister efter Foranstaltning af vedkommende Repsforstanderskab eller Kommunalbestyrelse.

§ 8.

Valglisterne skulle i forskjellige Rækker indeholde Vælgernes fulde Navn, Alder, Livsstilling og Bopæl samt Plads til Indførelse af Vælgernes Stemmegivning. Paa hver Valgliste ordnes Vælgernes Navne efter deres Bogstavfølge.

§ 9.

Valglisterne skulle affattes 1 Gang hvert Aar. Til Grund derfor lægges de gjældende Valglister med Udeladelse af de Vælgere, som i Mellemtiden ere afgaaede ved Døden eller bortflyttede eller som have tabt deres Valgberettigelse (§§ 2, 4 og 5), og med Tilføining af dem, som imidlertid have opnaaet Valgret eller inden 1ste Juli ville have opfyldt Betingelserne med Hensyn til Alder og Bopæl. Endvidere blive de, der vel endnu ikke have opfyldt de sidstnævnte Betingelser, men kunne ventes at ville opfylde dem i Løbet af det Aar, for hvilket Valglisterne skulle gjælde, at opføre paa en særskilt Liste med udtrykkelig Angivelse af den Dag i Aaret, da de enten fylde det 25de Aar eller ville have havt fast Bopæl i 1 Aar i Valgkredsen.

§ 10.

Valglisternes Berigtigelse skal foretages i Løbet af Marts Maaned hvert Aar. De derved opstaaede Tvivl skulle efter indhentede Oplysninger afgjøres af vedkommende Repsforstanderforskab eller Kjøbstads-Kommunalbestyrelse.

§ 11.

Fra den 1ste til den 21de April, begge Dage indbefattede, skulle Valglisterne fremligge til almindeligt Eftersyn paa et for Kommunens Beboere bekvemt Sted eller efter Omstændighederne paa flere saadanne Steder. Denne Fremlæggelse kan ske i bekræftede Af-

Nr. 16. fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14
14. septbr. daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. grein.

Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um, að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. grein,

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. grein).

14. grein.

Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímán. skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. grein.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. grein.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því, að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera

skrifter. Fremlæggelsens Tid og Sted bekjendtgjøres med mindst 14 Dages Varsel til Kirkestævne eller paa den for offentlige Kundgjørelser paa vedkommende Sted ellers brugelige Maade. Nr. 16. 14de Septbr.

§ 12.

Inden 8 Dage fra Udløbet af den Tid, hvori Valglisterne fremligge, skal Enhver, som tror uden Føie at være udeladt af samme, eller som formener, at en Uberettiget derpaa er optagen, fremsætte for vedkommende kommunale Bestyrelses Formand sin Begjæring om Optagelse eller sin Paastand om en Andens Udslettelse med Angivelse af de Grunde, hvorpaa Paastanden er bygget.

§ 13.

De mod Valglisterne saaledes fremkomne Erindringer paakjendes af vedkommende Kommunalbestyrelse i et offentligt Møde, som afholdes i Løbet af de paafølgende 3 Uger. Til dette Møde tilsiges med 8 Dages Varsel saa vel de, som have fremført Erindringer, som og de, mod hvilke Indsigelse er gjort, hvilke derhos samtidig med Tilsigelsen skulle underrettes om den imod dem fremførte Erindring. Efter de af Parterne fremlagte Dokumenter og de af dem fremstillede Vidners Forklaringer afgjøres de opstaaede Spørgsmaal, hvorom en kort Kjendelse tilføres den paagjældende kommunale Bestyrelses sædvanlige Forhandlingsprotokol. De derefter berigtigede Valglister underskrives af vedkommende kommunale Bestyrelses Formand. I Aarets Løb kan herefter ingen Forandring foretages uden i Henhold til Dom (§ 16).

§ 14.

De berigtigede Valglister udsærdiges udenfor Reykjavik i 2 Exemplarer, af hvilke det ene Exemplar af den paagjældende kommunale Bestyrelses Formand ufortøvet sendes til vedkommende Sysselforstanderskabs Formand. Denne har inden 1ste Juli at indberette til vedkommende Amtmand, om han har modtaget samtlige Valglister og i modsat Fald hvilke der savnes. Amtmanden har da, i fornødent Fald ved Anvendelse af passende Tvangsbøder, at drage Omsorg for, at de savnede Lister uopholdelig bringes tilveie.

I Reykjavik indberetter Byraadets Formand inden ovennævnte Frist til Amtmanden over Sønderamtet, om Valglisten er berigtiget.

§ 15.

Opdages det, at Valglisterne ikke paa lovbefalet Maade ere berigtigede, skal Indberetning gjøres til Landshøvdingen, og bliver der da strax at tage Beslutning om Sags Anlæg, hvorhos Amtmanden skal tilholde den paagjældende kommunale Bestyrelse, i fornødent Fald under en passende Tvangsbøde, ufortøvet at træffe de i Loven befalede Foranstaltninger. Amtmanden skal i saa Tilfælde være bemyndiget til at forkorte enhver af de i Loven fastsatte Frister.

§ 16.

Den, som er utilfreds med den Kjendelse, hvorved Valgret er nægtet ham, kan fordre sig en Udskrift af samme meddelt uden Betaling og indbringe Spørgsmaalet til Afgjørelse ved Lov og Dom. Saadanne Sager behandles gjæsteretsvis. Parterne ere i første Instants fritagne for at erlægge Retsgebyrer, ligesom der af det Offentlige skal beskikkes en

Nr. 16. 14. septbr. skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. grein.

Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleiri sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlútaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningu.

## Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. grein.

Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells og Þingeyjar sýslum, sem hvorri um sig skal skipt í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kanpstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu og Kjósar sýslu, Árness sýslu, Rangárvalla sýslu, Ísafjarðar syslu ásamt Ísafjarðar kaupstað, Húnavatns sýslu, Skagafjarðar sýslu, Eyjafjarðar sýslu ásamt Akureyrar kaupstað, Norðurmúla sýslu og Suðurmúla sýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells og þingeyjar sýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyja sýsla, Reykjavíkur kaupstaður, Borgarfjarðar sýsla, Mýra sýsla, Snæfellsness og Hnappadals sýsla, Dala sýsla, Barðastrandar sýsla og Stranda sýsla, skal kjósa einn alþingismann.

19. grein.

Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavik oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, 1 úr sínum flokki, og 1 úr flokki kjósanda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum, og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

20. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

21. grein.

Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar

Mand til at møde for den indstævnte kommunale Bestyrelse. Opnaar Vedkommende Dom for at være valgberettiget, skal han optages paa Valglisten, saa snart han fremlægger en Udskrift af Dommen. Nr. 16. 14de Septbr.

§ 17.

Valglisterne gjælde fra 1ste Juli til 30te Juni i det paafølgende Aar. Efter disse Lister foretages alle Valg til Althinget i Aarets Løb, dog saaledes at det paases, at de paa Tillægslisten (§ 9) opførte Mænd kun ere stemmeberettigede, dersom de inden Valgdagen have opfyldt Betingelserne med Hensyn til Alder og Bopæl. Dersom der i Aarets Løb gjentagne Gange foretages Valg, skal en af den paagjældende kommunale Bestyrelse bekræftet Afskrift af Listerne være rede til Benyttelse ved den nye Valghandling.

## Valgkredse og Valgbestyrelser.

§ 18.

Ethvert af Landets Sysler udgjør en Valgkreds med Undtagelse af Skaptafells og Thingø Sysler, der skulle udgjøre hvert 2 særskilte Valgkredse med de hidtilværende Grænser. Kjøbstaden Reykjavik med den Omegn, som hører under Byens Jurisdiktion, udgjør en Valgkreds.

Det i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 § 14 fastsatte Antal af folkevalgte Althingsmænd fordeles saaledes, at der i hver af efternævnte Valgkredse, nemlig Gullbringu og Kjosar Syssel, Arnes Syssel, Rangarvalla Syssel, Isafjords Syssel med Isafjord Kjøbstad, Hunavatns Syssel, Skagafjords Syssel, Øfjords Syssel med Akureyri Kjøbstad, Nordermule Syssel og Søndermule Syssel, vælges 2 Althingsmænd, medens der i hver af de øvrige Valgkredse, nemlig de 2 Valgkredse i Skaptafells og Thingø Sysler, Vestmannø Syssel, Kjøbstaden Reykjavik, Borgarfjords Syssel, Myra Syssel, Snæfellnes og Hnappadals Syssel, Dala Syssel, Bardastrands Syssel og Stranda Syssel, vælges 1 Althingsmand.

§ 19.

For hver Valgkreds dannes en Valgbestyrelse, der for Reykjavik bestaar af Byraadets Formand som Bestyrelsens Formand og 2 andre af Byraadet udnævnte Medlemmer, 1 af dets egen Midte og 1 blandt Byens Vælgere, og for de øvrige Kredse af Sysselmanden som Formand og tvende af Sysselforstanderskabet valgte Medlemmer, 1 af dets egen Midte og 1 blandt Vælgerne.

§ 20.

Valgbestyrelsens Formand forestaar alle Forberedelser til selve Valget og drager Omsorg for, at Valglisterne ere tilstede paa Valgdagen.

§ 21.

Valgbestyrelsen fører en Valgbog, hvortil Valglisterne og de til Bestyrelsen indløbne Skrivelser fremlægges. I Valgbogen optegnes det væsentlige Indhold af Valgforhandlingerne, hvortil dog de under Forhandlingerne holdte Taler ikke skulle henregnes. Valgbogen under-

Nr. 16. 14. septbr. verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

I síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefir farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefir þótt ástæða til að útvega.

## Þingmannaefni.

### 22. grein.

Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru; skal hann þá gefa kost á sjer, áður en kosning byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

### 23. grein.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorazt undan, að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

### 24. grein.

Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 22. grein sje fullnægt.

## Kosningarnar.

### 25. grein.

Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess, að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermán. árið áður en alþingi skal koma saman.

skrives af Valgbestyrelsen og opbevares i Reykjavik af Byraadet, andensteds af Sysselforstanderskabet. Nr. 16. 14de Septbr.

Senest 8 Dage efter Valget skal Formanden for Valgbestyrelsen tilstille Landshøvdingen en bekræftet Udskrift af, hvad der er tilført Valgbogen om det stedfundne Valg. Landshøvdingen tilstiller derefter Althinget ved dets Sammentræden denne Udskrift tilligemed de Oplysninger, han har fundet Anledning til at indhente.

## Valgkandidater.

§ 22.

Ingen, som ikke selv møder ved Valget, hvad enten han er bosiddende i eller udenfor Valgdistriktet, kan komme i Betragtning ved Valget af Althingsmænd, medmindre han senest inden Kl. 9 Aften før den Dag, da Valget skal finde Sted, er skriftlig anmeldt for Valgbestyrelsens Formand som Valgkandidat af en eller flere af Valgkredsens Vælgere, der erklære at ville anbefale ham til det forestaaende Valg, hvorhos denne Erklæring maa være bilagt med skriftlig Erklæring fra den Paagjældende om, at han er villig til at modtage Valg samt ikke har ladet sig anmelde som Valgkandidat i nogen anden Valgkreds, som ikke allerede har afvist hans Kandidatur.

Hvis nogle af Valgkredsens Vælgere ville vælge til Althingsmand en af de ved Valget Tilstedeværende, skal denne inden Valghandlingen begynder, underrette Valgbestyrelsens Formand om, at han er villig til at modtage Valg, for at denne kan anmelde ham som Valgkandidat.

§ 23.

Det er ikke nødvendigt, at Valgkandidaternes Valgbarhed godtgjøres for Valgbestyrelsen. Fremkommer der ved Valghandlingen Indsigelser imod deres Valgbarhed, kan Valgbestyrelsen vel ikke afskære Forhandlingerne herom, men heller ikke af den Grund undslaa sig for at stille dem til Valg. Spørgsmaalet om de Paagjældendes Valgbarhed bliver, i Tilfælde af Valg, at afgjøre af Althinget.

§ 24.

Oplyses det, at nogen Valgkandidat samtidig har ladet sig anmelde til Valg i mere end 1 Valgkreds, er det eller de Valg, som maatte falde paa ham, ugyldige, medmindre den i § 22 foreskrevne Betingelse er opfyldt.

## Valgenes Foretagelse.

§ 25.

De almindelige Valg paa folkekaarne Althingsmænd foregaa ordentligvis hvert 6te Aar.

Naar saadanne Valg skulle foretages, enten i det Tilfælde at Valgtiden er udløben, eller fordi Althinget er opløst, vil derom udgaa et Aabent Brev, hvori Kongen befaler Valgenes Foretagelse.

Valgene ville i Reglen være at afholde i Løbet af September Maaned i det Aar, der gaar forud for det, hvori Althinget skal sammentræde.

Nr. 16.
14. septbr.

26. grein.

Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

27. grein.

Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

28. grein.

Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingi, og má hver koma þar, er vill.

29. grein.

Kjörþing skal halda á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður til tekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar.

30. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar skal til taka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum, eða á annan venjulegan hátt, kjörþingisstaðinn, og nær kjörþingið skal haldið.

31. grein.

Oddviti kjörstjórnarinar setur kjörþingið, og er hann hefir lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll sem kjörstjórnin álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álita, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tækju við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt, að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru við staddir, hefir verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni, skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari

§ 26.

Valgtiden for samtlige Valg regnes fra den 1ste September, naar Valgene i Henhold til foranstaaende Paragraf ere berammede til Afholdelse i denne Maaned, men naar Valgenes Foretagelse maatte være berammet til en anden Tid paa Aaret, vil det nærmere være at bestemme i det ovennævnte Aabne Brev, fra hvilken Dag Valgtiden skal regnes.

§ 27.

Bliver Valget af en enkelt folkekaaren Althingsmand nødvendigt, gjælder det nye Valg for saa lang Tid, som den, der er afgaaet, vilde have havt tilbage.

Med Hensyn til Foretagelsen af enkelte Valg udgaar Anordningen af samme fra Landshøvdingen.

§ 28.

Valgene foretages i hver Valgkreds paa et Valgmøde, hvortil Adgangen staar aaben for Enhver.

§ 29.

Valgmødet skal holdes paa det Thingsted, der ligger nærmest ved Valgkredsens Midtpunkt, men er dette Sted ubekvemt, da paa et andet Sted, som Amtmanden bestemmer efter Sysselforstanderskabets Forslag.

§ 30.

Dagen og Klokkeslettet for Valgmødet berammes af Valgbestyrelsens Formand, der bekjendtgjør samme tillige med Mødestedet med 4 Ugers Varsel ved Kirkestævne eller paa anden sædvanlig Maade.

§ 31.

Valghandlingen aabnes af Valgbestyrelsens Formand, der næst at oplæse det kongelige Aabne Brev eller den Resolution af Landshøvdingen, i Henhold til hvilken Valget skal finde Sted, henleder Vælgernes Opmærksomhed paa Handlingens Betydning og Vigtighed. Han nævner derefter den eller de anmeldte Valgkandidaters Navne med Angivelse af de Vælgere, som anbefale deres Valg, og opfordrer disse sidste til at fremtræde og vedkjende sig deres Anbefaling. Ere de ikke mødte, uden at have anmeldt Forfald, der af Valgbestyrelsen erkjendes for gyldigt, eller hvis de vægre sig ved at vedstaa deres skriftlige Anbefaling, kan der ikke tages Hensyn til denne, og saafremt nogen af de anmeldte Valgkandidater herefter ikke længere kan anses at blive anbefalet til Valget af nogen af Kredsens Vælgere, er han udelukket fra at komme paa Valg.

De Vælgere, som personlig vedstaa Anbefalingen af en Valgkandidat, ere berettigede til at tage Ordet, og det Samme gjælder med Hensyn til de Valgkandidater, som komme paa Valg; at en Valgkandidat ikke personlig er tilstede, udelukker ham iøvrigt ikke fra at komme paa Valg. Fremdeles staar det enhver af de tilstedeværende Vælgere frit for at rette Spørgmaal til de anbefalende Vælgere saa vel som til de tilstedeværende Valgkandidater ligesom disse derpaa at svare. Dog maa intet saadant Spørgsmaal stilles, forinden der har været givet Leilighed for de anbefalende Vælgere og de tilstedeværende Valgkandidater til at udtale sig. Til de anbefalende Vælgere og Valgkandidaterne gives Ordet efter de Sidstes Navnes Bogstavfølge.

Formanden leder Forhandlingerne og har at drage Omsorg for, at de saa vel som den

Nr. 16. fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs
14. septbr. þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara (smbr. 34. gr.).

32. grein.

Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hrepparnir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

33. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefir kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefir gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefir kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt akvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir (ef þeir hafa kosningarrjett), inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. grein,

Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, eða þeir tveir í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, sem hlotið hafa flest atkvæði, eru þá kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. Hljóti enginn, eða, eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný. en að eins milli þeirra tveggja — eða, af kjósa skal tvo, milli þeirra fjögra —, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, eð fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

35. grein.

Í kjörbókinni skal bóka hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnar-

hele Valghandling foregaa med tilbørlig Orden. Intet af Valgbestyrelsens Medlemmer maa udtale sig for eller imod en Kandidats Valg. Nr. 16. 14de Septbr.

Forhandlingerne sluttes af Formanden, naar han finder det rigtigt, og han opfordrer derefter Vælgerne til at skride til Valg ved at stemme paa en eller i de Kredse, hvor 2 Althingsmænd skulle vælges, paa 2 af de til Valg stillede Kandidater. Om der end ikke er flere Valgkandidater, end der skal vælges i Kredsen, skal Afstemming dog ligefuldt finde Sted (jfr. § 34).

## § 32.

Valgbestyrelsen bestemmer, i hvilken Orden Repperne vælge; hvert Reps Vælgere afgive deres Stemme efter Bogstavfølgen paa Valglisten. Valgretten kan kun udøves personlig.

## § 33.

Valgbestyrelsens Formand deltager ikke i Modtagelsen af Valgstemmer. Et af de andre Medlemmer af Valgbestyrelsen tilfører, efter at have anerkjendt Vælgeren, den Kandidats Navn, eller i de Kredse, hvor 2 Althingsmænd skulle vælges, de to Kandidaters Navne, paa hvem Vælgeren stemmer, ved Siden af dennes eget Navn paa selve Valglisten. Et andet Medlem optegner paa en særskilt Stemmeliste Vælgerens Navn ved Siden af den eller de Kandidaters Navne, som han har givet sin Stemme. Forinden Vælgeren aftræder, oplæses for ham saa vel hans eget som den eller de af ham Valgtes Navne til Sikkerhed for begge Tilførslers Rigtighed og indbyrdes Overensstemmelse.

Naar ikke flere Vælgere melde sig for at afgive Stemme, retter Formanden høit og lydelig en Opfordring til de Vælgere, der ikke have stemt, til at gjøre dette, med Tilføielse af en vis kort Tidsfrist herfor, dog at denne i hvert Fald ikke bør sættes kortere end til 2 Timer efter Valghandlingens Begyndelse, ligesom Afstemningen ikke bør sluttes selv ved Udløbet af denne Tidsfrist, saa længe Vælgere uden Standsning melde sig til Stemmegivning.

Naar efter det Anførte ikke flere Vælgere begjære at deltage i Valget, tilføre Valgbestyrelsens Medlemmer (for saa vidt de ere valgberettigede) deres egne Stemmer og underskrive saa vel Valglisten som Stemmelisten, hvorved Afstemningen er sluttet.

## § 34.

Efterat Valglisterne og Stemmelisten ere sammenholdte med hinanden, optælles Stemmerne. Den eller i de Kredse, hvor 2 Althingsmænd skulle vælges, de To, som have erholdt flest Stemmer, ere valgte til Kredsens Althingsmænd. Dog kan Ingen anses gyldig valgt til Althingsmand, medmindre han har over Halvdelen af de Stemmende for sig. Erholder Ingen eller efter Omstændighederne kun den ene Kandidat et saa stort Antal Stemmer, foretages ny Afstemning ved frit Valg; hvis da heller ikke derved det fornødne Stemmeantal opnaas, finder atter Omvalg Sted, men da kun imellem de To — eller hvis 2 skulle vælges, mellem de Fire —, som ved den sidste Afstemning havde de fleste Stemmer. Have ved den anden Afstemning Flere erholdt lige mange Stemmer, gjør Lodtrækning imellem dem Udslaget med Hensyn til Spørgsmaalet om, hvem af dem der kommer paa Valg ved det bundne Omvalg. Ligeledes finder Lodtrækning Sted, naar Stemmerne ved tredie Valg ere lige.

## § 35.

Udfaldet af Valget tilføres Valgbogen og kundgjøres for Forsamlingen af Valg-

Nr 16. innar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal hann, svo fljótt sem verða má,
14. septbr. tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. grein.

Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

## Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi.

37. grein.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

38. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. grein, þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránna, til auglýsinga, o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. grein.

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

40. grein.

Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyr, sökum þess, að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

Frá sama tíma falla þær ákvarðanir úr gildi, sem tilsk. 8. marz. 1843 og tilsk. 6. janúar 1857 hafa inni að halda um kosningar til alþingis, og sömuleiðis opið brjef 6. júlí 1848, um kostnað við kosningar til alþingis.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 14. dag septemberm. 1877.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

bestyrelsens Formand, ligesom denne har snarest muligt at meddele den Valgte, saafremt han ikke er tilstede, Underretning om Valget. Stemmelisterne vedlægges Valgbogen, der underskrives af hele Valgbestyrelsen. Nr. 16. 14de Septbr.

§ 36.

Enhver folkevalgt Althingsmand erholder af Valgbestyrelsen et Valgbrev, som udfærdiges efter en af Ministeriet for Island foreskreven Form og underskrives af Valgbestyrelsen.

## Omkostninger, Ansvar og Lovens Ikrafttræden.

§ 37.

Althingets Medlemmer erholde en Godtgjørelse af 6 Kroner daglig saa vel for den Tid, som de behøve til Reisen til og fra Althinget, som for den Tid, de opholde sig ved Althinget. Ligeledes erholde de Reiseomkostninger godtgjorte efter Regning, der decideres af et af det forenede Althing nedsat Udvalg og anvises af vedkommende Afdelings Formand. Disse Udgifter udredes af Landskassen.

§ 38.

Udenfor Reykjavik kunne Valgbestyrelsens Medlemmer beregne sig Dagpenge og Befordringsgodtgjørelse i Overensstemmelse med Fdg. om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Mai 1872 § 33, saaledes at Udgifterne udredes af Syslets Kasse. For saa vidt der iøvrigt falder Udgifter ved Valgene, f. Ex til Valglisters Trykning, Bekjendtgjørelser m. m., udredes de ligeledes af Sysslets Kasse. I Reykjavik udredes disse sidstnævnte Udgifter af Byens Kasse.

§ 39.

Viser Nogen Forsømmelse i Udførelsen af de ham efter denne Lov paahvilende Forretninger, bliver han, for saa vidt han ikke efter Lovgivningens Bestemmelser har gjort sig skyldig til en større Straf, at anse med en Bøde fra 10 indtil 200 Kroner.

§ 40.

Denne Lov træder i Kraft ved Udløbet af den Periode, for hvilken de nuværende Althingsmænd ere valgte, medmindre der paa Grund af Althingets Opløsning forinden skulde blive Spørgmaal om Foretagelsen af nye almindelige Valg, i hvilket Tilfælde den bliver at anvende med Hensyn til disse.

Til samme Tid ere de i Fd. 8de Marts 1843 og Fd. 6te Januar 1857 indeholdte Bestemmelser om Valgene til Althinget saa vel som Pl. 6te Juli 1848 om Udgifter til Althingsvalgene ophævede.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 14de September 1877.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*